

AUGLÝSING

um deiliskipulag flugvallarsvæðis, Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 6. september 2005 í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt tillögu að deiliskipulagi Akureyrarflugvallar. Deiliskipulagið felur m.a. í sér lengingu flugbrautar, stækkun öryggissvæða, lóð fyrir slökkvistöð á nýrri fyllingu milli Drottningarbrautar og flugbrautar og loks stækkun athafnasvæða fyrir flugskýli, flugsafn og vörugeymslur.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast það þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 9. nóvember 2005,

Pétur Bolli Jóhannesson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 21. nóvember 2005

AUGLÝSING

um umferð á Akranesi.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og fenginni tillögu bæjaryfirvalda á Akranesi hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð á Akranesi:

1. Bifreiðastöður verði bannaðar í snúningsrýmum í gatnaendum á Leynisbraut.

Ákvörðun þessi tekur nú þegar gildi.

Sýslumaðurinn á Akranesi, 3. nóvember 2005.

Ólafur Þ. Hauksson.

B-deild – Útgáfud.: 21. nóvember 2005